



7. bekkur

2024-2025

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Sýn Flataskóla.....	3
Kennarar árgangsins.....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	4
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	4
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
S-in fimm	4
Samskipti kennara við foreldra.....	5
Lýsing á starfinu í árganginum.....	5
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	5
Kennslustundir og námsgreinar	5
Helstu viðfangsefni nemenda.....	5
Unnið með góð samskipti.....	6
Vinna með skólareglur.....	7
Stundaskrá.....	8
Heimanám	8
Náms- og skemmtiferðir.....	8
Vinabekkir.....	8
Skólasókn og viðbrögð.....	8
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	9
Starfsáætlun Flataskóla	9
Skóladagatal	9
Tilkynningar um forföll nemenda.....	9
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti.....	9
Námsáætlun skólaársins.....	10
Hæfnimiðað nám.....	10
Námsmat	10
Skipulag kennslunnar	10
Námsáætlun	11

Sýn Flataskóla

“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa. “

Áhersla á S-in fimm **seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd** eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Arna Atladóttir	Umsjónarkennari/ Textílsmiðja
Elísabet Blöndal	Umsjónarkennari
María Hrönn Valberg	Umsjónarkennari
Margrét Tómasdóttir	Sérkennari
Katrín Birta Haraldsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Helena Bryndís Hauksdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Ýr Sigurbjörnsdóttir	Íþróttir/kennari/smiðja
Atli Jóhannesson	Íþróttir /sund
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttir /sund
Jóhanna G. Ólafsson	Heimilisfræði
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmennt
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíði
Katrín Anna Eyvindardóttir	Námsráðgjafi
Erla Björg Káradóttir	Morgunsamverur / leiklist og söngur

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Með námsmenningu er átt við það andrúmsloft sem kennarar stefna að til að ýta undir árangur nemenda sinna og ánægju af námi.

Í vetur verður lögð áhersla á jákvæð samskipti á milli nemenda og að ná fram andrúmslofti þar sem virðing, öryggi og traust ríkir. Það gerum við með því að halda stofufundi einu sinni til tvisvar í viku þar sem markvisst verður unnið til dæmis með tilfinningar, samskipti, kurteisi og virðingu.

Hæfniviðmið og námsmarkmið verða sýnileg í skólastarfinu til þess að nemendur viti að hverju er stefnt hverju sinni. Þannig eflum við sjálfstæð vinnubrögð og metnað nemenda. Við viljum hvetja nemendur til að hafa áhrif á eigið nám með því að skipuleggja vinnuna sína og að þeir hafi val um fjölbreyttar námsleiðir. Kenna þarf nemendum að mistök séu hluti af ferli náms og hvernig hægt sé að læra af þeim til þess að ná framförum í námi. Samstarf í verkefnum hvetur til sköpunar og styrkir tengsl milli nemenda. Það er mikilvægt að kenna nemendum að þekkja styrkleika sína og nýta þá í námi, sem eykur bæði sjálfstraust og vellíðan.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Til að tengja okkar starf við einkunnarorð skólans, sem eru menntun, árangur og ánægja, munum við leggja áherslu á skipulag, viðfangsefni og nálganir sem styðja við alla þætti námsins, hvort sem það er náms-, samskipta- eða félagslega. Með því að skapa góða námsmenningu og jákvæðan bekkjarbrag er verið að leggja grunninn að því að nemendur nái markmiðum sínum í námi. Þegar nemendur fá menntun við hæfi þá blómstra þeir og upplifa mikla ánægju af náminu. Til að tryggja árangur munum við veita reglulegar uppbyggilegar endurgjafir á frammistöðu nemenda með leiðbeinandi kennsluhætti að leiðarljósi. Nemendur munu vinna verkefni í fjölbreyttum hópum þar sem áhersla verður lögð á samskipti og að nemendur öðlist færni í að sýna hver öðrum virðingu og samkennd, meðal annars með stofufundum.

S-in fimm

S-in fimm eru **seigla, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd**. Þessi nálgun tryggir að námið í Flataskóla styðji við þróun sjálfstæðis, sköpunargleði, samkenndar og fagmennsku, sem eykur árangur og ánægju nemenda. Nemendur fá tækifæri til að æfa sig í að sýna seiglu, sjálfstæði og sköpun í námi sínu og í samskiptum er lögð áhersla á sjálfstjórn og samkennd. Við ætlum að þjálfva nemendur okkar í áðurnefndum fimm lykilþáttum námsins: seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd. Við leggjum áherslu á að nemendur þrói með sér seiglu, sem gerir þeim kleift að takast á við áskoranir og óvissu, og að þeir nýti mistök sem tækifæri til að vaxa. Til að stuðla að sjálfstæði hjálpum við nemendum að taka ábyrgð á eigin námi, hvetjum þá til að setja sér

markmið og leita leiða til að ná þeim. Við hvetjum einnig nemendur til að vera skapandi, uppgötva nýjar aðferðir til að leysa vandamál og þróa nýjar hugmyndir. Þá er mikilvægt að nemendur tileinki sér sjálfstjórn til að hafa stjórn á eigin tilfinningum og hegðun, sem styður við sjálfsaga og einbeitingu í námi. Þá leggjum við mikla áherslu á samkennd, þar sem nemendur læra að skilja og virða tilfinningar annarra, sem stuðlar að jákvæðu umhverfi þar sem traust ríkir. Með þessum lykilþáttum viljum við hjálpa nemendum okkar að verða ábyrgir, skapandi og úrræðagóðir einstaklingar sem ná árangri.

Samskipti kennara við foreldra

Markmið með góðum samskiptum á milli kennara og foreldra er að skiptast á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemenda. Á mánudögum senda kennarar fréttabréf árgangsins með upplýsingum um hvað sé framundan og mikilvægum upplýsingum. Foreldraviðtöl eru að jafnaði tvisvar sinnum á vetri en oftast ef þörf er á. Umsjónarkennarar munu hafa samband með tölvupósti eða símleiðis eftir atvikum. Óskað er eftir að skilaboð berist fyrir kl. 8:30 á morgnana en ekki er hægt að treysta á að kennari sjái tölvupósta sem berast eftir þann tíma fyrr en eftir kennslu. Kennarar svara almennt ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur. Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara. Heimsóknir foreldra í skólastofur skulu ávallt vera í samráði við kennara.

Lýsing á starfinu í árganginum

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 59 nemendur. Hópaskiptingar eftir þörfum eða á 6-8 vikna fresti. Nemendum er skipt upp í 3 námshópa. Öllum árganginum er skipt upp í 5 smiðjuhópa sem starfa allan veturinn. Einnig .

Kennslustundir og námsgreinar

Helstu viðfangsefni nemenda

Í vetur verður lögð mikil áhersla á félags- og samskiptafærni. Stærðfræðin verður kennd í lotum, lögð verður áhersla á djúpnám, fjölbreyttar lausnaleyðir og viðfangsefni sprottin úr daglegu lífi og umhverfi. Í íslensku verður lögð áhersla á framsögn í tengslum við upplestrarkeppni, ritun, bókmenntir og ljóð, orðaforða, stafsetningu, skrift, lestur og lesskilning. Unnið verður í lotum þvert á námsgreinar þar sem viðfangsefni eru fjölbreytt. Eftirfarandi þemaverkefni verða m.a. tekin fyrir: Vífilsstaðavatns, eldfjöll, trúarbragðafræði, sjálfbærni og áhugasviðsverkefni. Í ensku og dönsku munum við efla færni nemenda með eftirfarandi markmiðum: Auka orðaforða þeirra, bæta málfærni

í tal- og ritmáli, styrkja lestrarfærni með skilningi á textum, og þjálfá hlustun með æfingum. Ritfærni er þjálfuð með skrifum og talmál í samræðum um daglegt líf og áhugamál.

Unnið með góð samskipti

Eftirfarandi kemur fram í samskiptasáttmála Garðabæjar og við í 7. bekk vinnum eftir honum.

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru valdir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Rýnihópaviðtöl eru tekin við fulltrúa nemenda um skólabrag.
- Skólapúlsinn er lagður fyrir.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Styrking sjálfsmyndar (utanaðkomandi fræðsla) í kringum forvarnaviku.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um stafrænt uppeldi á vorönn.
 - Forvarnavika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
-

Stofufundir eru haldnir einu sinni til tvisvar í viku. Farið er eftir áætlun í þróunarverkefni Auðar Skúladóttur og Erlu Bjargar ásamt Verkfærakistu KVAN. Á stofufundum sitja nemendur í hring og

farinn er hrós- og/eða þakkarhringur. Nemendum er kennt hvernig stofufundir fara fram með það að markmiði að gera þá færari meðal annars í að ræða málin varðandi samskipti. Með þeim er hægt að takast á við ýmis mál sem koma upp sem þarf að ræða og finna lausn á. Í lok fundar er farið í ýmsa hópeflisleiki.

Vinna með skólareglur

Unnið verður samræmt með skólareglur og eftirfarandi eru þau tímabil sem hver regla verður tekin fyrir.

Skólareglur Flataskóla					
áætlun skólaárið 2024-2025					
Allar skólareglur kynntar í ágúst. Eftir það er unnið með eina reglu á mánuði með samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun að leiðarljósi.					
September		Október		Nóvember	
<i>Markmið menntunar</i>		<i>Virðing fyrir skoðunum annarra</i>		<i>Vernð gegn ofbeldi</i>	
2.-6.sept. 9.-13. sept. 17.-20.sept. 23.-30.sept.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	30.sept-4.okt. 7.-11.okt. 14.-18.okt. 21.-25.okt.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	4.-8.nóv. 11.-15.nóv. 18.-22.nóv. 25.-29.nóv.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum
Desember		Janúar		Febrúar	
<i>Öll börn eru jöfn</i>		<i>Frelsi til að deila hugmyndum sínum</i>		<i>Heilsuvernd, vatn, matur, umhverfi</i>	
2.-5.des. 9.-13.des. 15.-20.des.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	6.-10.jan. 13.-17.jan. 20.-24.jan. 27.-31.jan.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	3.-7.feb. 10.-14.feb. 24.-28.feb.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.
Mars		Apríl		Mái	
<i>Hvöld, leikur, menning, listir</i>		<i>Nafn og ríkisfang</i>		<i>Félagafrelsi</i>	
3.-7.mars 10.-14.mars 17.-21.mars 24.-28.mars	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	1.-4.apríl 7.-11.apríl 22.-30. apríl	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	5.-9.mái 12.-16.mái 19.-23.mái 26.-30.mái	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum

Stundaskrá



7.bekkur - skólaárið 2024-2025

Menntun - Árangur - Ánægja

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
8:30-8:50	MORGUNSAMVERA	HEIMASTOFA	MORGUNSAMVERA	SKÓLI BYRJAR KL:9:10	MORGUNSAMVERA
8:50-9:50	SMÍÐJA	HEIMASTOFA	HEIMASTOFA	STOFUFUNDUR	HEIMASTOFA
9:50-10:10		NESTI	NESTI	NESTI	NESTI
10:10-10:30	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR
10:30-11:10	HEIMASTOFA	HEIMASTOFA	ÍÞRÓTTIR	HEIMASTOFA	HEIMASTOFA
11:10-11:30			HEIMASTOFA		HREYFING
11:30-12:10					
12:10-12:30	M	A	T	U	R
12:30-12:50	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR	FRÍMÍNÚTUR
12:50-13:30	ÍÞRÓTTIR	SMÍÐJA	HEIMASTOFA	BLÁA - SUND BLEIKA - HS - MAJA GRÆNA - HS - JÓHANNA	FLATAMIX
13:30-14:10	HEIMASTOFA			BLÁA - HS - ELISABET BLEIKA - HS - JÓHANNA GRÆNA - SUND	
14:10-14:50				BLÁA - HS - JÓHANNA BLEIKA - SUND GRÆNA - HS - ARNA	

Umsjónarkennarar: Arna Atladóttir - arna@flataskoli.is Stofa V-107
Elísabet Blöndal - elisabetbl@flataskoli.is Stofa V-103
María Hrönn Valberg - mariava@flataskoli.is Stofa V-105

Heimanám

Heimanámið í 7. bekk er lestur og önnur tilfallandi verkefni. Í lestrarstefnu Flataskóla er gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima með foreldri að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar og að foreldrar skrái lestur. Að auki eru nemendur hvattir til hljóðlesturs heima og í skóla.

Náms- og skemmtiferðir

Fyrirhugað er að fara tvær ferðir að Vífilsstaðavatni í haust. Fyrri ferðin er rannsóknarferð með Ipad og lófasmásjá og í seinni ferðinni munum við hitta Bjarna Jónsson fysikfræðing. Við förum á barnakvikmyndahátíð UngRIFF í september. Í desember förum við í jólaljósaferð með heitt kakó og smákökur. Við förum í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði 10.-13. febrúar og skíðaferð í Bláföll seinni hluta vetrar. Að vori verður farið í ferð á útivistardögum skólans.

Vinabekkir

4. og 7. bekkur eru vinabekkir og ætla þeir að hittast tvisvar á hvorri önn. Á haustönninni verður einu sinni farið út í leiki og einnig verður fönndrað fyrir jólin. Á vorönninni verður spilastund og farið út í leiki þegar hlýna fer í veðri.

Skólasókn og viðbrögð

Unnið er skv. samræmdu ferli Garðabæjar ef skólasókn nemenda verður ófullnægjandi.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtíma veikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til smærðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Skráning í hádegismat nemenda](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda.

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Nemendum er aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Nemendum er gefin markviss endurgjöf í öllu námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um markmið námsins og hvaða viðmið eru sett svo þeir nái árangri. Nemendur fá reglulega endurgjöf í námsferlinu og þeim er gert ljóst hvernig þeir komast þangað sem þeir stefna.

Litið er á mistök sem lærdómstækifæri og nemendum er alltaf gert kleift að bæta sig.

Unnið er markvisst að því að innleiða námsmenningu leiðsagnarmats með það að markmiði að skapa

lærdómssamfélag sem leggur áherslu á hæfnimiðað leiðsagnarnám. Nemendum er gert ljóst hvert þeir stefna og til hvers er ætlast af þeim og þeir fá markvissa upplýsandi endurgjöf í námsferlinu sem gerir þeim kleift að bæta sig í því sem þeir þurfa að bæta sig í. Áhersla er lögð á námsfélaga, hópavinnu, þemavinnu og kennt er í ákveðnum lotum þar sem námsgreinar eru samþættar. Við skipuleggjum kennsluna út frá hæfniviðmiðum, að nemendum sé ljóst í upphafi hvað þeir eigi að læra hverju sinni, að námsmarkmiðin séu skýr fyrir hvert viðfangsefni og einnig viðmið um árangur, það er að nemendum sé ljóst hvernig vinna þeirra verður metin. Við leggjum áherslu á skapandi starf, höfum það að markmiði að fara út fyrir námsbækur og nota fjölbreyttar leiðir til náms þar sem

áhersla er á upplýsingatækni. Einnig leggjum við áherslu á sjálfstæði nemenda í einstaklingsvinnu og að þeir beri ábyrgð á og taki virkan þátt í sínu eigin námi.

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Talað mál, hlustun og áhorf Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.</p>	Framsögn	Nemendur fá þjálfun í að lesa upp eigin texta og texta eftir aðra.
<p>Lestur og bókmenntir Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p>	Lestur og lesskilningur	Nemendur skoða ýmsar gerðir af texta og fá þjálfun í að lesa úr texta, svara spurningum og túlka.
<p>Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</p>	Lestur og lesskilningur	Nemendur velja sér bækur af bókasafni og vinna síðan verkefni um bækurnar.
<p>Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.</p>	Lestur og lesskilningur	Nemendur velja sér bækur af bókasafni. Einnig er samlestur bóka sem eru til í bekkjarsettum.
<p>Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap.</p>	Uppbygging og boðskapur sögu.	Umræður og verkefni í samlestri bóka.
<p>Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>	Val á lesefni.	Nemendur velja sér bækur af bóksafni. Eins verður komið upp kerfi hjá kennara/í bekkjarstofu þar sem merkt er hvers lags efni er valið og hvort það er fjölbreytt.
<p>Ritun Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p>	Ritun texta	Nemendur semja ýmis konar texta, frásagnir, sögur o.s.frv.
<p>Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í</p>	Ritun texta	Nemendur fá þjálfun í að skrifa texta eftir fyrir mælum sem og frjálsan texta.

<p>ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p> <p>Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p> <p>Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.</p> <p>Málfræði Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</p> <p>Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</p> <p>Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p>	<p>Stafsetning</p> <p>Ritun texta á rafrænu formi.</p> <p>Málfræði og málnotkun</p> <p>Málfræði og málnotkun</p> <p>Málfræði og málnotkun</p>	<p>Nemendur læra helstu stafsetningaræfingar og fá þjálfun í notkun þeirra.</p> <p>Nemendur rita texta í ritvinnsluforriti og læra ýmsar aðgerðir og skipanir í ritvinnslu.</p> <p>Nemendur læra einkenni algengustu orðflokka og þjálfast í að vinna með þá flokka.</p> <p>Nemendur læra einkenni algengustu orðflokka og þjálfast í að vinna með þá flokka.</p> <p>Nemendur læra helstu stafsetningarreglur og þjálfast í að hafa þær að leiðarljósi í ritun texta.</p>
--	---	---

Stærðfræði		
Að geta spurt og svarað með stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir

Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.	Rökhugsun og túlkun	Stærðfræðisþjall, umræður, paraverkefni og hópverkefni.
Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.	Rökhugsun og ályktun	Rökþrautir
Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Tölfræði, túlkun og ályktun	Safna, greina og setja fram töluleg gögn
Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.	Rökhugsun, gagnrýnin hugsun og ályktun	Setja fram skýringar á eigin stærðfræðivinnu og leggja mat á framsetningu frá öðrum
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.	Reikniaðgerðir, rökhugsun, túlkun og ályktun	Setja fram eigin stærðfræðivinnu á fjölbreyttan hátt.
Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákna og daglegs máls.	Rökhugsun og túlkun	Leysa og setja fram, á tákna stærðfræðinnar, þrautir byggðar á viðfangsefnum daglegs lífs.
Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.	Rökhugsun og tjáning.	Setja fram og meta eigin stærðfræðivinnu, sem og vinnu annarra.
Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Hjálpargögn og verkfæri	Velja og nýta viðeigandi hjálpargögn
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar		

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.	Reikniaðgerðir og framsetning lausna.	Velja reikniaðgerðir og setja fram lausnir, skriflega, á táknmáli stærðfræðinnar og myndrænt.
Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.	Rökhugsun, ályktun og framsetning lausna.	Umræður, einstakling-, para- og hópverkefni.
Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.	Stærðfræðihugtök.	Námsveggur og umræður.
Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Rökhugsun, ályktun og framsetning lausna.	Umræður, einstakling-, para- og hópverkefni.
Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.	Reikniaðgerðir, rökhugsun, túlkun og ályktun.	Samvinnuverkefni
Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.	Fjármálalæsi	Umræður, einstakling-, para- og hópverkefni.
Áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.	Reikniaðgerðir, rökhugsun, túlkun og ályktun.	Umræður, einstakling-, para- og hópverkefni.
Tölur og reikningur		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.	Vinna með tölur	Raða og bera saman tölur.
Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.	Tuga og sætiskerfi	Setja upp og reikna með stórum tölum.
Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.	Hlutföll, almenn brot og prósentur.	Skoða tengsl almennra brota, tugabrota og prósentu.
Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.	Reikniaðgerðir	Nýta reikniaðgerðirnar og hlutbundin gögn.

Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.	Reikniaðgerðir	Umræður, samvinna og gagnrýnin hugsun.
Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.	Rökhugsun, túlkun og hjálpargögn.	Þrautalausnir, einstaklings-, hóp- og paraverkefni. Ýmis hjálpargögn.
Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.	Rökhugsun, tugabrot, almenn brot og prósentur.	Þrautalausnir, tengsl almennra brota, tugabrota og prósentu.
Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.	Reikniaðgerðir og reiknireglur	Tengsl reikniaðgerða
Algebra		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.	Talnamynstur	Talnamynstur, talnarunur og tengsl reikniaðgerða.
Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.	Finna óþekktu stærð.	Tengsl reikniaðgerðanna
Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. Notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.	Einfaldar jöfnur	Þekkja og útskýra tengsl reikniaðgerðanna. Umræður.
Rúmfræði og mælingar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.	Tvívíð og þrívíð form	Hlutbundnir og óhlutbundnir útreikningar.
Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir,	Tvívíð og þrívíð form. Hliðrun, snúningur og speglun.	Hlutbundnir og óhlutbundnir útreikningar.

speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.		
Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.	Ummál, flatarmál og rúmmál.	Samvinnuverkefni og útreikningar
Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.	Mælikvarðar	Velja og nota viðeigandi mælitæki
Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.	Rökhugsun, ályktun og framsetning.	Útreikningar og mælingar. Samvinnuverkefni.
Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.	Hnitakerfi	Fundið og skráð hnit í hnitakerfi.
Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.	Útreikningar og framsetning.	Útreikningar og mælingar. Samvinnuverkefni.
Tölfræði og líkindi		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.	Tölfræði, ályktun og framsetning.	Samvinnuverkefni. Umræður.
Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.	Gagnasöfnun, ályktun og framsetning.	Samvinnuverkefni. Umræður.
Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.	Túlkun, ályktun og framsetning.	Sækja gögn í gagnabanka og setja fram. Samvinnuverkefni.
Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.	Tölfræði og ályktun.	Ákvarða líkur út frá einföldum tilraunum. Hlutbundin og óhlutbundinn útreikningur.
Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	Tölfræði.	Ákvarða líkur út frá einföldum tilraunum. Hlutbundin og óhlutbundinn útreikningur.

Enska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti</p>	<p>Málskilningur, þýðingar og hlustunaræfingar.</p>	<p>Hlusta á upplestur texta, lesa með í hljóði og rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að leita eftir svörum og lausnum verkefna</p>
<p>Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p>	<p>Lausn verkefna</p>	<p>Rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að leita eftir svörum og lausnum verkefna.</p>
<p>Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</p>	<p>Þýðingar, umorðun texta.</p>	<p>Vinnubók - Rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að skrifa texta eftir fyrir mælum þ.m.t. megin inntak texta af ensku yfir á íslensku og öfugt.</p>
<p>Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra</p>	<p>Framsögn/upplestur</p>	<p>Kynna fyrir öðrum verkefni sem hafa verið unnin</p>
<p>Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppfléttirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvéla.</p>	<p>Upplýsingaöflun og textagerð á ensku</p>	<p>Afla sér upplýsinga í bókum, á vefnum og öðrum miðlum sem í boði eru.</p>
<p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf</p>	<p>Samtöl</p>	<p>Samtöl og umræður á ensku: spyrja og svara spurningum hvors annars</p>
<p>Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda</p>	<p>Ritun</p>	<p>Skrifa texta um valið efni með notkun orðalista (glósur) og annarra upplýsinga sem nemendur geta t.d. á netinu og í bókum</p>
<p>Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi</p>	<p>Samvinna og einstaklingsverkefni</p>	<p>Teymisvinna í þemaverkefnum</p>

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáning og miðlun		
Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.	Tjáning, samkennd og rökræður.	Umræður, kynningar og bekkjarfundir.
Tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.	Tjáning, samkennd og framsetning.	Framsögn, ritun og kynningar.
Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.	Tjáning og miðlun.	Kynningar og umræður.
Skapandi og gagnrýnin hugsun		
Skilgreint viðmið um árangur.	Ábyrgð á eigin námi.	Verkefni og sjálfsmat.
Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.	Seigla, sjálfstjórn og skapandi hugsun	Verkefna-, para- og hópavinna.
Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum.	Upplýsingaöflun og gagnrýnin hugsun.	Umræður og verkefnavinna.
Sjálfstæði og samvinna		
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfmynd sína.	Seigla og sjálfstæði	Sjálfsmat, áhugasviðsverkefni og verkefnavinna.
Haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi.	Samkennd og skapandi hugsun	Umræður, bekkjarfundir og þátttaka í skólastarfi
Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	Seigla og sjálfstjórn	Verkefni og þátttaka í skólastarfi
Nýting miðla og upplýsinga		
Notað margvíslegar upplýsingaveitur og	Gagnaöflun	Einstakling-, para- og hópverkefni.

hjálparkæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.		
Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.	Upplýsingatækni, skapandi hugsun og framsetning.	Áhugasviðsverkefni og kynningar
Sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.	Upplýsingatækni og samkennd.	Verkefnavinna og kynningar.
Ábyrgð og mat á eigin námi		
Skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.	Sjálfstæði og ábyrgð á eigin námi.	Markmiðasetning og sjálfsmat.

Upplýsingatækni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Vinnulag og vinnubrögð		
Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.	Gagnaöflun og sjálfstæð vinnubrögð.	Bókasafn og netleit. Áhugasviðsverkefni, einstaklings-, para og hópverkefni.
Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.	Námsefni og upplýsingaöflun	Rafrænt námsefni og þjálfunarforrit.
Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.	Samvinna og sjálfstæði.	Áhugasviðsverkefni, samvinnuverkefni og einstaklingsverkefni.
Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.	Tæknibúnaður	Verkefni og kynningar
Beitt réttri fingrasetningu.	Fingrasetning	Þjálfunarforrit
Upplýsingaöflun og úrvinnsla		
Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.	Námsefni og upplýsingaöflun	Einstaklings-, para- og hópverkefni.
Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.	Heimildir, upplýsingaöflun og gagnrýnin hugsun.	Einstaklings-, para- og hópverkefni. Áhugasviðsverkefni.
Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.	Heimildir og upplýsingaöflun.	Áhugasviðsverkefni og ritgerð.
Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmiða.	Forrit og hugbúnaður	Ritgerð, ritun og verkefnavinna.
Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.	Forrit og hugbúnaður	Kynningar og samvinnuverkefni
Tækni og búnaður		
Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og	Forrit og hugbúnaður	Ritgerð, ritun og verkefnavinna.

framsetningu tölulegra gagna.		
Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.	Skapandi hugsun, forrit og hugbúnaður	Áhugasviðsverkefni, kynningar og sköpun.
Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.	Forrit	Vefsíðugerð, verkefnavinna og kynningar.
Sköpun og miðlun		
Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.	Netöryggi og upplýsingaöflun	Umræður og samvinnuverkefni
Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.	Skapandi hugsun, forrit og hugbúnaður	Áhugasviðsverkefni, kynningar og sköpun.
Siðferði og öryggismál		
Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.	Netöryggi, upplýsingaöflun og gagnrýnin hugsun.	Áhugasviðsverkefni, einstaklings-, para og hópverkefni.
Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.	Samkennd, sjálfstæði, netöryggi og ábyrgð.	Umræður, verkefnavinna og kynningar.

Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Geta til aðgerða		
greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra,	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir,	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi,	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
Nýsköpun og hagnýting þekkingar		
Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.	Líkan	Nemendur útbúa líkan í tengslum við þemaverkefni
Gildi og hlutverk vísinda og tækni		

Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.	Vífilsstaðavatn, umhverfismennt og Sjálfbærni.	Fjölbreytt verkefni
Vinnubrögð og færni		
Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.	Tilraun	Nemendur framkvæma tilraunir
Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.	Vífilsstaðavatn	Einstaklingsverkefni, þemaverkefni og umræður
kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
Ábyrgð á umhverfinu		
Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.	Umhverfismennt og sjálfbærni	Fræðsla og athuganir
Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.	Sjálfbærni	Þemaverkefni og athuganir
tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð	Sjálfbærni	Þemaverkefni og athuganir
gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigðis eigin líkama,	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Umhverfismennt og sjálfbærni	Þemaverkefni, athuganir og umræður
Að búa á jörðinni		
Framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum.	Umhverfismennt og sólkerfið	Nemendur læra um veðrun og rof og gera verkefni um himingeiminn.
Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.	Veðurfræði	Nemendur læra um loftslag og veður og skoða ýmsar gerðir skýja.
Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægaskiptum og því að tíminn líður.	Sjálfbærni, jarðfræði og himingeimurinn	Verkefni um hringferð tunglsins, þemaverkefni og umræður
Lífsskilyrði manna		
gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,	Vífilsstaðaverkefnið og sjálfbærni	Nemendur fræðast um svæðið og gera athuganir
Náttúra Íslands		

Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.	Sjálfbærni, Vífilsstaðaverkefnið og umhverfismennt	Fræðsla og athuganir
Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.	Umhverfismennt	Fræðsla og athuganir, þemaverkefni og umræður.
Heilbrigði umhverfisins		
Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita,	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður
gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti,	Sjálfbærni	Þemaverkefni og umræður

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<ol style="list-style-type: none"> Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. 	<p>Notkun á verkfærum og miðlum</p> <p>Grunnþættir myndlistar</p> <p>Hugtök</p>	<p>Kynnumst ólíkum blýöntum og aðferðum við portrait teiknun og nýta sér þekkingu sem þau hafa öðlast síðustu ár.</p> <p>Æfum okkur í hugtakanotkun fagsins þegar á við.</p>

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.</p> <p>Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.</p>	<p>-vinna eftir uppskrift</p> <p>-nota mæliskeiðar, dl mál og vigt</p> <p>-nota rafmagnsþeytara</p> <p>-fylgja einfaldri uppskrift og viðeigandi áhöld s.s. bretti, hnífa, potta og pönnur</p> <p>-þvo upp og þrifa vinnusvæði eftir hverja kennslustund</p> <p>-læra um orkuefnin, kolvetni, prótein og fitu</p>	<p>-Nemandi bakar köku/smákökur/brauð þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift og notar viðeigandi áhöld.</p> <p>-Nemandi eldar einfalda máltíð og notar til þess viðeigandi áhöld.</p> <p>-Nemandi þvær upp og þrífur vinnusvæði eftir hverja kennslustund.</p> <p>-Nemandi hlustar á fyrirlestur um orkuefnin og vinnur verkefni</p>

Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.		
---	--	--

Textílmennt

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>-Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar</p> <p>-Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum</p> <p>-Unnið með einföld snið og uppskriftir.</p>	<p>-kunna skil á svokölluðum gerviefnum og náttúrulegum efum</p> <p>-Unnið með litaskynjun og efnisnotkun.</p> <p>- Saumavél, skæri, garn (náttúruleg og gerviefni).</p> <p>-Framsetning rædd og framkvæmd á mismunandi vegu, leyfum hugmyndafluginu að ráða</p>	<p>- Nemendur geta útskýrt hvernig þeir nálgast verkefnið, val á efum og aðferðum og sett fram verkefnið sitt á frumlegan hátt.</p> <p>-Nemandi lærir aðferð í handsaum og sýni seiglu í að læra saumaskapinn sem þeim er kenndur, fylgja eftir og klára handverkið sitt.</p> <p>- Nemendur þurfa að huga að framsetningu verksins sem getur verið mismunandi og mikilvægt að nemandi hafi skýrar skoðanir á hvað þeir vilja gera.</p>

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki • útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu • lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð • valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum • hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum 	<p>Hönnun og sköpun</p> <p>Vinkill, málband, trélím, tifsög, borvél og tréskrúfur</p> <p>Gúmmíteygja sem orkugjafi</p>	<p>Nemendur þjálfast í hönnun þegar þeir hanna útlit á stól sem þeir þurfa svo að smíða.</p> <p>Nemendur þjálfast í að útskýra hugmyndir sínar þegar þeir teikna upp stólinn og skrifa inn mælingar sínar.</p> <p>Nemendur þjálfast í mælingum þegar þeir þurfa að ákveða stærð stóls og aftur þegar þeir þurfa að saga niður efnivið í módelstól.</p> <p>Nemendur þjálfast í notkun trélíms og borvélar ásamt því að læra að þekkja tréskrúfur, þegar þeir festa stólinn sinn saman.</p> <p>Í aukaverkefni þjálfast nemendur í sköpun þar sem</p>

		þeir búa til lítinn bíl sem á að nota gúmmíteygju sem orkugjafa.
--	--	--

Skólaíþróttir og sund

Hæfniviðmið - beint úr námskránni	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.	Þolæfingar	Þjálfa upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.
Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.	Leikni og færni	Kennsla og hæfni í hinum ýmsu íþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. Badminton og blak.
Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Baksund, skriðsund, kafsund, stunga	Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotnar upp og einnig æft í heild sinni.
Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.	Stöðluð próf	6 mín hlaupapróf og tímataka í 20m spretthlaupi. 300m bringusund undir 10mín.
Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Hreinlæti	Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.
Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Íþróttamannsleg framkoma	Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um
Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og þjargað jafningja á sundi stutta sundleið.	Umgengnis- og skipulagsreglur	

		<p>hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.</p> <p>Rætt reglulega við nemendur um umgengnisreglur í íþróttahúsi. Ákveðin áhöld í fimleikasal, virðingu við starfsfólk íþróttamiðstöðvar og mikilvægi hljóðvist í búningsklefa, sem og framkomu við samnemendur. Sýnikennsla/myndband í björgunarsundi og skyndihjálp.</p>
--	--	--

Smiðja: Heilsa og vellíðan

Hæfniviðmið -	Viðfangsefni	Leiðir
---------------	--------------	--------

<p>Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans.</p> <p>Tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.</p> <p>Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.</p> <p>Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</p> <p>Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.</p>	<p>Almenn heilsa og heilbrigði Hreyfing og þjálfun Svefn</p> <p>Hreyfing og þjálfun</p> <p>Andleg og félagsleg heilsa</p> <p>Matarvenjur og næring</p> <p>Sjálfsmynd og samfélagsmiðlar</p>	<p>Nemendur afla sér upplýsinga á vefnum og öðrum miðlum sem í boði eru. Nemendur fá þjálfun í að hugsa um eigið heilbrigði og gera sér grein fyrir því að þau bera ábyrgð á sinni heilsu. Umræður, einstakling-, para- og hópverkefni.</p> <p>Nemendur fá fræðslu um hlutverk hjarta, lungna og blóðrásar og læra að fylgjast með þúlsi sínum fyrir og eftir átök. Umræður og verkefnavinna.</p> <p>Kennsla í að nemendur verði meðvitaðir um sína andlegu heilsu og skilji að félagsleg heilsa er líka mikilvæg. Umræður og verkefnavinna.</p> <p>Nemendur afla sér upplýsinga á vefnum og öðrum miðlum sem í boði eru. Umræður, einstakling-, para- og hópverkefni.</p> <p>Myndbönd sýnd og nemendur fá þjálfun í gagnrýnni hugsun. Nemendur þjálfast í að styrkja sjálfsmynd sína og átta sig á hvernig samfélagsmiðlar virka. Umræður og verkefnavinna.</p>
---	---	--